

## **186. fundur stjórnar LSS haldinn fimmtudaginn 9. janúar 2009 kl. 18:00**

Mættir: SBB, FH, IGG, SvB, BKr, BV, BI og VLF.

Forföll: RT.

### **1. Fundagerð síðasta fundar.**

### **2. Inntaka nýrra félaga**

17 frá Hvammstanga +2 Skagafirði, sp.

### **3. Kjarasamningar**

Skrifað var undir tvo kjarasamninga í desember og einn í janúar. Í samningnum við LN er 20.300kr taxtahækkun, hækkun á þrekálagi, orlofsuppbót og desember-uppbót. Sett voru inn skýrari ákvæði um ráðningar. Í kosningu um samninginn var 86% þáttaka, og 75% sögðu já. Gengið var frá verkefnalista sem Samstarfsnefnd á að taka fyrir í janúar, þ.m.t. sjúkraflug.

Samkomulagið við SNR vegna sjúkraflutningamanna er á sömu nótum og við LN. Sjúkraflutningamenn sem verið hafa 10 ár í hlutastarfi hækka um eitt þrep (3,7%) og þrekálag. Ákvæðið um að greiða megi 2 yfirvinnu klst. ef útkallið er “innan þéttbýlismarka” var fellt út. Í kosningu um samkomulagið var 100% þátttaka og já sögðu 100%. Gengið var frá kjarasamningi við SNR vegna slökkviliðsmanna á Keflavíkurlugvelli þann 8.01.09. áður var reynt að lenda sporslumálinu en það tókst ekki. LSS vildi ekki skrifa undir þar sem talið var að samningurinn yrði ekki samþykktur án afgreiðslu á sporslunni. Fulltrúar LSS á velli funduðu með tilvonandi flugvalarstjóra Birni Óla. Þann 31.12 funduðu form og framkvst ásamt form BSRB með Samgönguráðherra og ráðuneytisstjóra. Sama dag kom tölvupóstur frá Stefáni flugvallarstjóra um að sporslan yrði framlengd til 01.02.09 og fundað um málið í janúar. Samningurinn verður kynntur 12. janúar.

### **4. Eldvarnavika**

Eldvarnavikan var haldin 21. – 28. nóvember um land allt og tókst vel.

### **5. Keilir**

Hjálmar Árnason hjá Keili á Suðurnesjum hafði samband og óskaði eftir fundi um námsbraut í sjúkraflutningum sem á að hefjast í febrúar. Málið hefur verið rætt í skólaráði Sjúkraflutningaskólans. Umræður um sjúkraflutninganám og framtíðina.

### **6. Orlofsmál**

Breytingar hafa verið gerðar á rekstri sumarhúsa í Munaðarnesi. LSS er orðinn eigandi að tveim húsum, no. 31 og 32. Þjónustugjöld munu lækka og LSS fær frjásari hendur með fyrirkomulag.

Nýting á LSS húsunum í Munaðarnesi var um 90% síðasta ársfjórðung. Nýja íbúðin á Akureyri fer í útleigu 14 janúar. Breytingar verða gerðar á heimasíðunni 13. janúar til að gera umsækjendum auðveldara fyrir, þannig að m.a. hægt sé að sjá hvort íbúðirnar séu lausar.

## **Global Alliance conference Vancouver**

Boð hefur borist á ráðstefnu í Vancouver í Kanada í vor. Ákveðið að skoða hvort senda eigi fulltrúa m.a. með tilliti til kostnaðar. Fundurinn er mögulega upphafið að stofnun alheimssamtaka slökkviliðsmanna. Jafnframt er fundur í Kaupmannahöfn í febrúar vegna Evrópusamtaka.

### **7. Fulltrúakosningar**

þarf að vera lokið fyrir 13. febrúar. Stefnt er að Ársfundi LSS 20. mars.

### **8. Sjúkraflutningar**

Búið er að panta 60 eintök af Vinnuferlum.

Verið er að ganga frá fagráði um sjúkraflutninga. LSS sendi inn tilnefningu um Sveinbjörn Berentsson sem fulltrúa. Jafnframt er verið að ganga frá vinnuhóp um sjúkraflutninga hjá Rauða krossinum. Þar á m.a. að ræða um smíði sjúkrabíla. LSS sendi inn tilnefningu um Sveinbjörn Berentsson.

Lagt fram bréf vegna beiðni um fund með ráðherra vegna reglugerða sem koma eiga í kjölfar á skýrslu um sjúkraflutninga sem lögð var fram í febrúar.

Lagt fram bréf um uppsagnir á vöktum sjúkraflutningamanna hjá heilbrigðisstofnun þingeyinga. Sjúkraflutningamenn þar hafa sent frá sér yfirlýsingu um að þeir ætli að hætta ef ekki er greitt fyrir tvo sjúkraflutningamenn á bíl.

Haldinn var fundur í morgun á vegum BSRB þar sem LSS ræddi málin við ráðuneytisstjóra og sviðsstjóra Heilbrigðisráðuneytisins. LSS á að skipa fulltrúa í vinnuhóp vegna breytinga í kjölfar niðurskurðar hjá heilbrigðisráðuneytinu. Vinnuhópurinn á að skila niðurstöðum fyrir 19. janúar.

### **9. Önnur mál:**

**a) Bréf til heilbrigðisráðherra.** LSS hefur sent ráðherra bréf vegna reglugerða sem þarf að gera í framhaldi af skýrslu um sjúkraflutninga.

**b) Erindi sem liggur í umhv.ráðuneyti.** LSS bíður eftir að ráðuneytið afgreiði erindi varðandi ráðningar og menntunarkröfur slökkviliðsmanna.

**c) Næstu stjórnarfundir og ársþing**

Næstu stjórnarfundir verða 12. febrúar, 20. mars, 16. apríl og 14. maí. Áætlað er að halda ársþing 20. mars.

- d) **Símamál hjá BÁ.** Farið var yfir stöðu mála. Innheimta á kjarasamningsbundnum greiðslum fyrir að bera boðtæki er komin í hendur lögfræðings sem hefur stefnt BÁ.